



Björg Baldursdóttir
Formaður velferðar- og mannréttindaráðs

Kópavogi, 6. febrúar 2025
25012384/300.00 Sp

Tillaga: Opnir íbúa- og samráðsfundir vegna þjónustu við eldra fólk

Á fyrsta fundi velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogsbæjar þann 27. janúar 2025 var eftirfarandi bókað og vísað til úrvinnslu sviðsstjóra:

„Velferðar-og mannréttindaráð óskar eftir að á næsta fundi ráðsins verði lögð fram tillaga að heppilegri dagsetningu fyrir fyrirhugaðan opinn íbúa- og samráðsfund vegna þjónustu við eldra fólk í Kópavogi. Einnig að fylgt verði eftir bókun fundar jafnréttis- og mannréttindaráðs frá 30.10.2024 um opinn íbúafund“.

Mikilvægt er að tryggja gott og reglulegt samráð við helstu hagaðila velferðarsviðs sem eru íbúar sveitarfélagsins. Nauðsynlegt er að efla og auka samtal við eldra fólk í Kópavogi um þá þjónustu sem íbúum stendur til boða.

Lagt er til að haldinn verði opinn íbúa- og samráðsfundur vegna þjónustu við eldra fólk í Kópavogi á vormisseri eða þann 14. maí 2025. Dagskrá verði mótuð í samvinnu við velferðar- og mannréttindaráð og öldungaráð hafi jafnframt aðkomu að undirbúningi dagskrár en hugmynd að umgjörð gæti verið með eftirfarandi hætti:

Hugmynd að dagskrá:

- Ávarp formanns velferðar- og mannréttindaráðs
- Kynning á þjónustu velferðarsviðs til eldra fólks í sveitarfélaginu (Félagsmiðstöðvar eldra fólks)
- (Ráðgjöf og stuðnings- og stoðþjónusta innan og utan heimilis)
- (Dagþjálfun í Roðasölum)
- Kynning á þjónustu menntasviðs við eldra fólk í sveitarfélaginu (Virkni og vellíðan)
- Félag eldri borgara í Kópavogi og Öldungaráð
- Aðrar kynningar/fyrirspurnir og spjall

Reglulegt samtal við eldra fólk í Kópavogsbæ

Kópavogsbær fagnar 70 ára afmæli sínu þann 11. maí nk. og gæti íbúa- og samráðsfundur vegna þjónustu við eldra fólk því verið hluti af skipulagðri afmælisdagskrá sveitarfélagsins í tilefni merkra tímamóta og eitthvað sem mætti horfa til áfram.



Velferðarsvið leggur áherslu á gott samstarf og samtal við íbúa sveitarfélagsins og mikilvægt að festa í sessi viðburði þar sem áhersla er á þjónustu bæjarins til eldra fólks og samtal.

Mætti í því samhengi leggja til að Kópavogsbær standi árlega fyrir kaffisamsæti til heiðurs íbúum sveitarfélagsins sem ná 70 ára aldri þar sem er áhersla á samveru og léttu dagskrá. Nágrannasveitarfélög Kópavogsbæjar hafa viðhaft sambærilega hefð til margra ára með góðum árangri og ánægja með framtakið. Því til viðbótar er einnig þörf á að festa í sessi árlega upplýsinga- og kynningarfundir til eldra fólks í Kópavogsbæ um þá þjónustu sem stendur íbúum til boða í sveitarfélaginu.

Jafnframt má leggja til að velferðarsvið Kópavogsbæjar og velferðar- og mannréttindaráð standi reglulega fyrir velferðarkaffi eða velferðarspjalli þar sem ákveðnir málaflokkar sem eru efstir á baugi hverju sinni fái vægi með aðkomu formanns, ráðsmann og sérfræðinga sviðsins. Þar væri um að ræða opna fundir velferðar- og mannréttindaráðs, að jafnaði í rúma klukkustund í senn að morgni og hægt væri að senda út í streymi eða upptöku.

Samantekt

Lagt er til að velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar standi fyrir opnum íbúa- og samráðsfundi þann 14. maí nk. þar sem áhersla verður á samtal og kynningu á þeirri þjónustu sem stendur eldra fólki til boða hjá Kópavogsbæ. Með því móti gefst ráðinu dýrmætt tækifæri á samtali við íbúa sveitarfélagsins um þá þjónustu sem er í boði sem og að fá fram sjónarmið íbúa um áherslur velferðar- og mannréttindaráðs og ekki síður áherslur velferðarsviðs, er kemur að velferð og farsæld eldri íbúa sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs

